



Fundargerð

**173. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi á Zoom,
mánudaginn 25. apríl 2022, kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Bjarki Guðnason, Rúnar Þorri Guðnason, Kristbjörg Hilmarsdóttir, Bergur Kristinn Guðnason, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Margrét Ólafsdóttir og Ólafur Elvar Júlíusson.

Fundargerð ritaði: Ólafur Júlíusson, .

1. Snæbýli 1 - dsk ferðaþjónusta - 2203005

Gústaf B Pálsson kemur inn sem varamaður Kristbjargar Hilmarsdóttur sem boðaði forföll á skipulagsnefndarfundinn

Fyrir fundi liggur uppfært dsk í samræmi við umræðu síðasta fundar.

Skipulagsnefnd leggur til að deiliskipulagið verði auglýst skv. 41. grein skipulagslaga nr 123/2010 og þá samhliða auglýsingu á endurskoðuðu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031

2. Virkjun í Hverfisfljóti - 1710004

Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir Hnútu virkjun í Hverfisfljóti

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfi fyrir Hnútu virkjun í Hverfisfljóti verði samþykkt skv. framlögðum gögnum og framkvæmdaleyfi gefið út skv. reglugerð nr. 772/2012 Framkvæmdaðila er jafnframt bent á nauðsyn þess að taka tillit til vegabóta á heimreið frá þjóðvegi að Dalshöfða.

*RÞG, JHK og BVG samþykkja veitingu framkvæmdaleyfis
BKG og GBP hafna þessari afgreiðslu*

4. Endurskoðun Aðalskipulags - 1904001

Fyrir fundi liggja athugasemdir frá SLS frá 30.mars 2022

Landmótun hefur uppfært endurskoðað ASK Skaftárhrepps 2019-2031 í samræmi við athugasemdir.

Margrét Ólafsdóttir hjá Landmótun kemur til fundarins og fer yfir lokaútgáfu hins endurskoðaða ASK.

Skipulagsnefnd, með ráðgjöfum Landmótunar, hefur farið yfir athugasemdir SLS frá 30.mars 2022 og leggur til við sveitarstjórn að óskað verði heimildar SLS að auglýsa uppfært endurskoðað ASK Skaftárhrepps 2019-2031 skv. skipulagslögum nr 123/2010

3. Errósetur - umsókn um lóð á skólareit - 2204006

Ólafía Jakobsdóttir fh. stjórnar Erró seturs sækir um lóð fyrir Erró setur á skólalóðinni

Skipulagsnefnd vísar umsókninni til frekari dsk-vinnu á svæðinu milli Klausturvegar og Skaftár.



Fundi slitið kl. 17:15.

Jón Hrafn Karlsson

Bjarki Guðnason

Rúnar Þorri Guðnason

Kristbjörg Hilmarsdóttir

Bergur Kristinn Guðnason